



Landspítali  
Páll Matthíasson  
Hringbraut  
101 Reykjavík

## VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 551 9165  
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Reykjavík 22. desember 2017  
Tilv.: VEL17120384/11.11.07

Nýlega birtust opinberlega sögur fjölmargra kvenna, sem starfa í heilbrigðisþjónustu á Íslandi, um kynbundna og kynferðislega áreitni og jafnvel um kynbundið ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir í störfum sínum innan heilbrigðisþjónustunnar. Þessar sögur eru í samræmi við sögur kvenna víða um heim sem birst hafa undir myllumerkinu #metoo og draga fram í dagsljósið ójafna stöðu karla og kvenna að því er virðist á öllum sviðum samfélagsins. Það er von mín að birting þessara sagna verði til þess að takist að breyta menningu samfélaga á þann hátt að kynbundið ofbeldi og áreitni verði ekki lengur liðin.

Ég vil brýna alla forstöðumenn, sem starfa í stofnunum sem heyra undir heilbrigðisráðherra, til að fylgja fast eftir lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, þar sem kveðið er skýrt á um að allir eigi að hafa jafna möguleika til að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Það gerist ekki nema kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni verði upprætt.

Ég bendi einnig á að í 22. gr. laganna er fjallað um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni. Þar segir meðal annars að yfirmenn stofnana skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstaðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað.

Í 18. gr. sömu laga er fyrirtækjum og stofnunum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn, gert skylt að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Með jafnréttisáætluninni skal fylgja aðgerðaáætlun þar sem skilgreint er hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. Þetta þýðir að allir stærri vinnustaðir eiga að vera með aðgerðaáætlun þar sem fram kemur hvernig koma á í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni.

Ég beini því til allra forstöðumanna stofnana heilbrigðisráðuneytisins að tryggja að í gildi sé jafnréttisáætlun ásamt aðgerðaráætlun þar sem fram kemur hvernig á að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni á stofnunum ráðuneytisins.

Svandís Svavarsdóttir  
heilbrigðisráðherra

Anna Lilja Gunnarsdóttir  
ráðuneytisstjóri